

Seltjarnarnesbær
Hervör Pálsdóttir
Austurströnd 2
170 Seltjarnarnes

Reykjavík, 6. apríl 2021
UST202102-469/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 - Ráðagerði

Vísað er til erindis Seltjarnarnesbæjar er barst 26. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á breytingartillögu á aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 fyrir Ráðagerði.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreina verslunar- og þjónustusvæði fyrir Ráðagerði, en í gildandi aðalskipulagi er Ráðagerði innan íbúðarsvæðis ÍB-10.

Náttúrumínjar

Í greinargerð kemur fram að Seltjarnarnesfjörur og Suðurnes eru náttúrumínjaskrár og skammt frá eru tvö friðlýst svæði; Grótta og Bakkatjörn.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan rýri ekki verndargildi friðlýstra svæða og svæða á náttúrumínjaskrá.


Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tryggja eigi m.t.t. til fuglalífs að framkvæmdin verði utan varptíma. Auk þess bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að umferð gesta á svæðinu sé stýrt svo að tillagan hafi ekki áhrif á kríuvarp.

Umhverfisstofnun bendir á að í 4. mgr. 17. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að sérstök aðgát skal höfð í nánd við varplönd fugla .



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson
sérfræðingur